



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Skólanefnd.

7. fundur.

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 29. ágúst kl. 17:00

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Eypór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri. Einnig kom Tarvo Nömm skólastjóri tónlistarskólans á fundinn.

1. Formaður setur fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa eftir sumarfrí.
2. Skólastarf vetrarins og kennararáðningar.

Brynja Ingólfssdóttir hefur verið ráðin í fullt starf.

Þórdís Jónsdóttir hefur verið ráðin í 44% kennslu í handavinnu og listum.

Ingunn Guðbjörnsdóttir hefur verið ráðin sem stundakennari og mun hún kenna heimilisfræði.

3. Tónlistaskólinn.

Formaður bauð Tarvo velkominn aftur til starfa eftir leyfi og gaman að fá hann sem skólastjóra.

Auk Tarvo mun Jaan Alavere kenna við skólann í vetur. Jaan mun kenna á fiðlu og píanó og tónmennt í grunnskólanum.

Það er ósk Tarvo að öllum nemendum standi til boða samspil eða

hljómsveitarstarf og að það verði innifalið í gjaldi tónlistarskólans. Hann vill meina að þetta sé hluti tónlistarnámsins og ákveðin uppbót á þeirra starfi.

Skólanefnd mælir með því að sveitstjórn verði við þessari beiðni skólastjóra því samspil glæðir áhuga nemenda og eflir sjálfstraust og félagsþroska þeirra.

Við viljum benda á að ekki er greitt sérstaklega fyrir samspil í nágrannasveitafélögum okkar.

4. Önnur mál.

Skólanefnd hvarf það að nýráðinn kennari sem kom hér til starfa í ágúst fékk húsnæði sitt seint og í óviðunandi ástandi. Er það von okkar að slíkt endurtaki sig ekki aftur.

Fundi slitið kl. 18:45

Hrafnhildur Geirsdóttir

Eyþór Pétursson

Þórhalla Valgeirsdóttir

Ásdís Jóhannesdóttir

Steinunn Ósk Stefánsdóttir